

Frú Dorrit Mousaieff
Bessastöðum. - FAX: 5624802

Lykillinn er í yðar höndum

23. júní 2008

Æruverðuga forsetafrú,

Um árabíll hef ég kynnt Íslensku þjóðinni hugmyndir að því hvernig embætti Forseta Íslands gæti verið lykillinn að breyttum áherslum í alþjóðamálum og valdið straumhvörfum í friðarmálum með því að kynna nýjar og breyttar áherslur í alþjóðamálum. Mig langar að kynna yður þessar hugmyndir þar sem ég tel að þér haldið nú um þennan lykil.

Ég hef í meira en 12 ár séð það fyrir, að ástandið í Mið Austurlöndum þróaðist í mun víðtækara styrjaldarástand með hrúni alþjóðlegra fjármálamarkaða og yfirvofandi heimskreppu. Jafnvel mögulegri 3ju heimsstyrjöldinni á næstu árum. Heimurinn er nú þegar að sjá upphafið af þessu með ört hækkandi olíuverði, hrúni peningastofnanna og fjármálamarkaða, aukinni spennu milli trúarbragða og fleira.

Mið Austurlönd eru í dag eins og púðurtunna sem getur sprungið hvenær sem er af minnsta tilefni, með þeim gífurlegum afleiðingum, sundrunu meðal þjóða heims og enn frekari hernaðaruppbyggingu milli austurs og vesturs. Mögulegt er, að stórþjóðir í austri myndu styðja íslamskar arabþjóðir gegn vesturlöndum í slíkum átökum.

Ef við leyfum málum að þróast til stríðs verður erfitt að snúa til baka. Hætta er á notkun kjarnorkuvopna. Stríð gæti kostað tugi milljónir mannlífa og orðið til að útrýma þjóðlífi okkar og menningu.

Nýlegar yfirlýsingar frá Ísrael og fréttir af hernaðaræfingum valda miklum áhyggjum. Enginn getur spáð fyrir um afleiðingarnar ef Ísrael gerir loftárásir á Íran. Raunveruleg hætta er á að slík árás myndi kveikja í púðrinu og koma allri heimsbyggðinni í uppnám á stuttum tíma. Líkleg fyrstu viðbrögð eru hrún á fjármálamörkuðum vegna snarhækkunar olíu og margföldun hryðjuverka. Í framhaldinu sundrun þjóða og hernaðarleg blokkamyndun sem þróast til heimsstyrjaldar m.a. undir formerkjum trúarbragðastríðs milli islam og kristinna manna.

Við getum ekki leyft málum að þróast í þessa átt án þess að gera allt sem í okkar valdi stendur til að beina orkunni í Mið Austurlöndum til friðar og velsældar í stað styrjaldar og upplausnar. Með höfðun til uppruna yðar í Ísrael og núverandi þjóðfélagsstöðu á Íslandi, teljum við hjá Friði 2000 að þér séuð í lykilstöðu til að koma á viðræðum við Ísrael og bera fram hugmyndafræði Friðar 2000 til lausnar á vandamálunum.

Friður 2000 býður fram aðstoð við verkefnið, m.a. þróun og framsetningu hugmyndafræðinnar. Við biðjum yður að nota þá sérstöku aðstöðu sem þér hafið á Bessastöðum til að virkja embættið og Forseta Íslands til að reyna að afstýra stærsta menningarslysi mannkynssögunnar.

Virðingarfyllst,
Alþjóðastofnunin Friður 2000
Ástþór Magnússon



Peace 2000 Institute
Vogasel 1
109 Reykjavik
ICELAND
Tel: +354 5571000
Fax: +1 801 740 3532

Email:
info@peace2000.org
website:
www.peace2000.org

UNITED KINGDOM:
Peace 2000 UK
Lloyds Building
12 Leadenhall Street
London EC3V 1LP
United Kingdom
Tel: +44 207 100 8638

USA:
Earthchild
3914 Seaton Place
Las Vegas
NV 89121
Tel: +1 702 520 0990

Certification Services:
www.peacetrust.net

Founded 1995 by
more than 100 member
organisations world-wide
Constituted in Iceland
No. 540795-2669



Fountain of Life

FLYING THE WORLD FOR PEACE